

Ed.

317. Breytingartillögur

[126. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 10 22. marz 1960, um söluskatt, sbr. lög nr. 61 24. des. 1964, um breyt. á þeim lögum.

Frá Kristjáni Thorlacius og Bjarna Guðbjörnssyni.

- I. Á eftir 1. gr. frv. komi tvær nýjar greinar:
 1. (2. gr.) H-liður 4. gr. laganna (sala á raforku og heitu vatni frá rafmagnsveitum og hitaveitum) falli niður.
 2. (3. gr.)
 - a. Á eftir orðinu „nýmjólk“ í 2. tölul. 6. gr. laganna komi: smjör, ostur, skyr, kjöt, kjötvörur og kartöflur.
 - b. Á eftir 2. tölulið komi nýir liðir, svo hljóðandi:
 1. Kaffi, sykur og kornvörur.
 2. Olía.
- II. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, sem verður 3. málsgrein, svo hljóðandi:

Á meðan innheimtur verður 11% söluskattur skv. lögum þessum, greiðir ríkissjóður á ári hverju til Tryggingastofnunar ríkisins, umfram aðrar lögboðnar greiðslur ákveðna fjárhæð, sem varið skal til hækkunar á fjölskyldubótum. Árið 1970 skal fjárhæð þessi vera 70 milljónir króna, en breytist síðan til hækkunar eða lækkunar í samræmi við breytingar á heildarupphæð innheimts söluskatts frá ári til árs.